



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Pórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131  
NETFANG [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is) - VEFFANG [skog.is](http://skog.is)

## Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Pórunnartúni 6, 105 Rvk, mánudaginn 5. febrúar 2018 kl. 16:30 til 21 (Fundur nr. 6 frá Stórutjarnaskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Valgerður Auðunsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir, Þuríður Yngvadóttir, Guðbrandur Brynjólfsson, Páll Inghófr Kristinsson, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

### *Dagskrá fundar:*

**1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Samþykkt með smávægilegum breytingum.

**2. Kynning á lýðheilsudegi 23. júní**

Á fyrirhuguðum útivistar- og fjölskyldudegi í skógum („Líf í lundi“) verður almenningur hvattur til þess að stunda hreyfingu, samveru og upplifa skóga og náttúru landsins. Sótt hefur verið um í umhverfissráðuneytið (ósvarað enn) og fengist hefur 1 m frá Arion banka í verkefnið. Undir hattinum „Líf í lundi“ um allt land næst aukinn slagkraftur og auðveldara verður að vekja athygli á því góða starfi sem unnið er að í á landsvísu.

**3. Samningur um Landgræðsluskóga**

Ekkert nýtt er að fréttta, en til stendur að halda fund með umhverfissráðuneytinu. Núgildandi samningur rennur út á árinu. Ekki verður lengur beðið með útboð vegna framleiðslu á skógarplöntum....

**4. Græni stígurinn – ráðstefna**

Haldinn verður fljótlega fundur með formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga til þess að ýta þessu máli áfram. Ekkert hefur gerst í þessum málum í 20 ár. Sum sveitarfélögin hafa gert hjólastíga, en þeir stígar eru ekki einu sinni samtengdir milli sveitarfélaga. Ræða þarf hvort stuðningur væri að halda ráðstefnu um græna stíginn til þess að vekja almennari áhuga á honum.

**5. Belgjurtir til nytja – ráðstefna**

Haldin skal ráðstefna í vor (ekki seinna en um miðjan maí). KHP í samvinnu við fræðsluhópinn (næsta mál).

6. **Önnur mál**

Fræðsluhópurinn lagði til að jöfn kynjaskipting yrði milli karla og kvenna. KHP mun því draga sig í hlé f.h. SÍ og óskar eftir að kona gefi sig fram í sinn stað.

Næsti stjórnarfundur verður fyrsta mánudag í marsmánuði. Lagt er til að fundurinn verði fluttur til 19. mars.